



ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

16. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn mánudaginn 24. nóvember 2025 kl. 17:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir formaður, Arna Þöll Sigmundsdóttir og Herbert Hauksson. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri. Í upphafi bar formaður upp tillögu um að sveitarstjóri myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Jólamarkaður 2025

Jólamarkaðurinn verður haldinn þann 6. desember 2025 á milli kl. 13:00-16:00.

Rætt um fyrirkomulag og stöðu verkefna. Búið er að ráða trúbador sem myndi spila jólalög fyrir gesti. Einnig er búið að ráða jólasveina og kaupa mandarínur fyrir börnin. Blaðrarinn verður á milli kl. 13:30 – 15:30. Kaffiveitingar verða til sölu á vegum ÍBU.

Flestir sem voru á markaðnum í fyrra verða með í ár en 22 söluaðilar verða með borð. Uppselt er á markaðinn. Sveitarstjóri hefur keypt auglýsingar á Rúv1 og Rás2. Auk þess er markaðurinn auglýstur í Pésanum sem og í Dagskránni í næstu viku. Skilti verður sett upp á hringtorginu í vikunni. Nefndarmenn munu hittast daginn áður og setja upp salinn í samvinnu við forstöðumann félagsheimilisins.

2. Bókasafn/menningarmiðstöð

Undir þessum lið mætti Edda Jónsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmiðstöðvarinnar á fundinn og kynnti væntanlega starfsemi á neðri hæð Ráðhússins. Opnunartími hússins verður daglega á milli kl. 10:00 og 16:00 og lengur á miðvikudögum. Þarna verður afgreiðsla ráðhússins auk starfsemi í bókasafni og menningarmiðstöð. Edda gerði grein fyrir hugmyndum sínum um starfsemi í húsinu sem getur orðið mikil lyftistöng fyrir samfélagið allt.

3. Fjárhagsáætlun ársins 2025

Sveitarstjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun ársins 2025 og fór yfir þá liði sem snúa að starfssviðið nefndarinnar. Nefndin er sammála þeim áherslum sem koma fram í áætluninni.

A.Þ.S.
[Handwritten signature]
RSE

4. **Næsti fundur**

Næsti fundur verður 13. janúar 2026 kl. 16:00 í fundarsalnum Blæ í Ráðhúsi Hrunamannahrepps.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:21



Arna Þöll Sigmundsd.



Ragnhildur Stefania Eyförsdóttir